

## Til allsherjar- og menntamálanefndar

### Umsögn frá Hljóðbókasafni Íslands

**Sendandi:** Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

### Þingskjal 137 — 136. mál

**Frumvarp til laga um** um höfundalög (takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun)

Hljóðbókasafn Íslands fagnar breytingum á höfundalögum til að uppfylla ákvæði Marakessamningsins og Marakess-tilskipunarinnar. Með breytingunni er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum safnsins til samræmis við áþekkar stofnanir hinna Norðurlandanna og reyndar um heim allan. Afnot af eintökum aðildarríkja Marakess-sáttmálans munu hafa mikla þýðingu fyrir lánþega safnsins og er óskandi að breytinganna sé ekki langt að bíða.

Hljóðbókasafnið telur reglur Marakess-sáttmálans og Marakess-tilskipunarinnar mikla réttarbót og bendir m.a. á að 4. mgr. 3. gr. sé afar mikilvæg enda er útgáfa að breytast hratt og nauðsynlegt er fyrir safnið að geta nálgast efni sem t.d. einvörðungu er gefið út á rafrænu formi (rafbók) eða sem hljóðrit, m.ö.o. þar sem útgefinn, prentaður texti liggur ekki til grundvallar.

Hljóðbókasafnið þjónustar afar ólíka hópa og eru sumir viðkvæmir fyrir breytingum, s.s. aldraðir, sjónskertir og blindir. Safnið bendir því góðfúslega á að frekari viðeigandi öryggisráðstafanir, sem kveðið er á um til að koma í veg fyrir misnotkun, megi ekki yfirskyggja mikilvægi aðgengis í takt við reglur Marakess-tilskipunarinnar. Viðkvæmustu hóparnir eiga erfitt með að skipta oft um notendanöfn og lykilorð eða að læra á nýja tækni.

19. gr. a. Í lið d er lagt til að orðalag verði: getur ekki á annan hátt, vegna líkamlegrar fötlunar **eða veikinda**, haldið á bók eða meðhöndlað hana eða náð sjónskerpu eða hreyft augun að því marki að viðunandi sé til að geta lesið.

Rök fyrir breytingunni: Hljóðbókasafnið lánar bækur með tímabundnum aðgangi til veikra einstaklinga, s.s. þeirra sem eru máttfarnir vegna meðferðar og/eða endurhæfingar.

19. gr. e. Í lið b er lagt til að orðalag verði: geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vinna gegn óheimilli eftirgerð eintaka á aðgengilegu formi eða því að þeim sé dreift, miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningsi með óheimilum hætti. **Öryggisráðstafanir hamli þó ekki aðgengi til þeirra sem á þurfa að halda.**

Rök fyrir breytingunni: Hljóðbókasafnið bendir á að aldraðir, sjónskertir og blindir eigi margir hverjir erfitt með tæknibreytingar og breytingar á aðgengi að safninu. Eins eru frekari öryggisráðstafanir en nú eru gerðar líklegar til að hafa í för með sér töluvert aukinn kostnað fyrir safnið.

Fyrir hönd Hljóðbókasafns Íslands

Marín Guðrún Hrafnisdóttir